



# NÝTT STARF

Þegar nýtt starf verður til hjá sveitarfélagi gildir eftirfarandi verkferill

BÚA TIL  
STARFSLÝSINGU

Þegar nýtt starf verður til er mjög mikilvægt að skilgreina strax í upphafi helstu kröfur, innhald og markmið starfsins í starfslýsingu.

Tillaga að formi fyrir starfslýsingu þar sem tekið er mið af samræmdu starfsmati ásamt leiðbeiningum er hægt að nálgast á heimasíðu starfsmatsins.

RAÐA STARFI TIL  
BRÁÐABIRGÐA  
FYRSTU  
6 MÁNUÐINA

Starfsmannastjóri ásamt fulltrúa viðkomandi stéttarfélags ákvarða bráðabirgðaröðun á nýjum störfum fyrstu 6 mánuðina.

Við röðun skal taka mið af starfslýsingu og hvernig öðrum svipuðum eða sambærilegum störfum hefur verið raðað skv. starfsmatinu.

Hægt er að skoða starfsmatsröðun mismunandi starfahópa á heimasíðu starfsmatsins.

Verði ágreiningur um röðun nýrra starfa skal kalla til starfsmatsráðgjafa sem úrskurðar um röðunina.

SENDA BEIÐNI  
UM  
STARFSMAT  
EFTIR  
6 MÁNUÐI

Að 6 mánuðum liðnum skal starfsmannastjóri óska eftir formlegu starfsmati frá starfsmatráðgjöfum.

Sjá verkferil fyrir „Starfsmat á nýju starfi“ á heimasíðu starfsmatsins.

Hafi starfið verið tímabundið launasett hærra en kemur út úr starfsmati ber að lækka röðun starfsins til samræmis við niðurstöðu úr starfsmati. Sú lækkun tekur gildi þremur mánuðum eftir að niðurstaða berst sveitarfélagi.